

Nefndasvið Alþingis  
b.t.Ragnheiðar Bogadóttur nefndarritara

Reykjavík, 10. nóvember, 2008

**Umsögn Barnaheilla um tillögu til þingsályktunar um stofnun  
Barnamenningarhúss, 24. mál.**

Barnaheill hefur Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi í starfi sínu og við umsögn þessa er einkum horft til 2. gr. 3.gr. 12. gr. 13. gr. og 31. gr. sáttmálans. Þar er kveðið á að það sem barni er fyrir bestu skuli haft að leiðarljósi, þegar ákvarðanir eru teknar í málefnum sem varða börn, að jafnræðis sé gætt, að börn hafi rétt á að tjá skoðanir sínar, hafa áhrif, hafa tómstundir og njóta menningar.

Því telja Barnaheill að frekar eigi að styrkja barnamenningu víða um land og að öll börn landsins, án tillits til kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúar, stjórnmalaskoðana, ætternis, fötlunar, félagslegrar stöðu eða annarra aðstæðna þeirra eða stöðu eða athafna foreldra þeirra, geti ræktað hæfileika sína, sinnt tómstundum og menningu. Mikilvægt er að börn séu þáttakendur í skipulagningu á slíku starfi og eigi þess eigi kost á að njóta menningar

Barnaheill telja mjög mikilvægt að raddir barna fái að heyrast, börn fái að tjá sig, láta skoðanir sínar í ljós og að tekið sé réttmætt tillit til skoðana þeirra í samræmi við aldur þeirra og þroska. Þau geti leitað sér upplýsinga og komið upplýsingum á framfæri.

Virðingarfyllst,

---

Petrína Ásgeirsdóttir,  
framkvæmdastjóri Barnaheilla